



Námsgrein / heildstætt verkefni:

Náttúrufræði

Tímabil: Skólaárið 2025 - 2026

Námsmarkmið: Að nemendur

- Þekki algengustu hugtök og heiti í svepparíkinu.
- Geti skoðað sveppi (fanir, gró, hatt og stilk) með víðsjá og stækkunargleri.
- Geti hugsað um plöntu, gefið henni næringu og séð hana vaxa.
- Geti búið til afleggjara af plöntu.
- Þekki hvaða áhrif ljóstillifun hefur á myndun haustlita.

Mannslíkaminn

- Þekki helstu þætti í eftirfarandi líffæraakerfum; taugakerfið, meltingakerfið, skynkerfið (lykt og bragð), hormónakerfið, hreinsikerfið og ónæmiskerfið.
- Geti lesið náttúruvísindatexta um ofangreind líffæraakerfi og svarað spurningum úr textanum.
- Geti framkvæmt athuganir sem tengjast líffæraakerfunum og skráð niðurstöður skipulega.
- Geti sett fram tilgátu áður en athugun er framkvæmd.
- Geti notað lykilhugtök í setningar sem lýsa hugtakinu nánar.
- Getur sett fram hugmyndir að heilbrigðum lífsháttum tengdum hreyfingu, mataræði og hreinlæti.

Hryggdýr

- Geti sagt frá einkennum helstu hópa dýra.

Efnafræði

- Geti útskýrt að allt er búið til úr frumeindum og sameindum.
- Nefnt dæmi um varðveislu massa og tengt við hversdagslega atburði,
- Notað algeng efnatákn í umfjöllun um lotukerfið og efni í umhverfi sínu,
- Þekkt algengar formúlur efnasambanda sem birtast í daglegu lífi,
- Gert grein fyrir efnabreytingum og hamskiptum og útskýrt með dæmum,
- Fjallað um hugtakið leysni og tengt við athafnir í daglegu lífi,
- Þekkt muninn á sýru og basa.



Námsþættir:

- Plöntur og sveppir
- Mannslíkaminn
- Efnafræði
- Hryggdýr

Kennsluaðferðir:

- Innlagnir kennara, einstaklingsvinna og hópavinna
- Horft á heimildarþætti
- Verkefni frá kennurum
- Verklegaræfingar
- Upplýsingaleit
- Nemendur vinna ýmis sjálfstæð verkefni út frá námsefni.

Námsefni/kennslugögn:

Náttúrulega 2

Náttúruleg 3

Heimildarþættir/myndir

Ýmsar bækur tengdar náttúrufræði

Verkefni frá kennara.

Námsmat

- Matskvarðar út frá námsmarkmiðum
- Sjálfsmat
- Fyrirmyndarverkefni
- Einstaklingspróf og parapróf
- Verkefnabækur og verkefni eru metin
- Vinnubrögð og vinnusemi.